

Alþjóða-fiskiðnaðarsýningin í Lundúnum:

Íslandsdeildin vakti mikla athygli

EINS og skýrt hefur verið frá í fréttum, var haldin alþjóðleg fiskiðnaðarsýning í Lundúnum í maí mánuði síðastliðnum. Þessi lönd höfðu deildir á sýningunni: Bandaríkin, Kanada, Ísland, Noregur, Írland, Bretland, Svíþjóð, Danmörk, Holland, Þýskaland, Belgía, Frakkland, Portúgal, Ítalía, Sviss, Pólland og Japan.

opin almenningi. Var það gert til þess að auðvelda sölumönnum að kynna væntanlegum kaupendum vörur sínar í næði, svo að þeir þyrftu ekki að ryðja sér braut að sýningargripum gegnum manna þröng.

— Hvernig gafst þetta fyrirkomulag?

— Sýningarstjórnin var mjög ánægð, eða eins og einn fulltrúi

andi í heimi, kom tvívegis til þess að hitta mig vegna mallarans. Er nú í athugun að koma honum upp í New Orleans eða Moorehead City í Bandaríkjunum.

— Hefur hann ekki verið reyndur hér á landi?

— Það, sem mér er bagalegast, er, að miklum erfiðleikum virðist bundið að fá mallarann fullreyndan hér á landi. Einu tilraunirnar, sem fram hafa farið, voru gerðar í lok síðustu vertíðar hjá Síldaverksmiðjum ríkisins. Þær gáfu mjög góðar vonir um gildi mallarans sem síldarvinnslutækis, sem eykur bæði suðu- og pressuafköst og stuðlar að því að halda við jafnari og hærri heildararafköstum í síldarverksmiðjum.

— Von mín er sú, að mallarinn, með nokkrum smávægilegum endurbótum, sem nauðsynlegar eru vegna gæzlu hans, verði reyndur áfram hjá SR og hjá Einari Guðfinnssyni í Bolungarvík, þegar hin nýja verksmiðja þar tekur til starfa.

★

Vélsmiðjan Héðinn sýndi þarna ýmsar vörur. Mesta athygli vakti ísflöguvél, sem framleiðir 6 — 8 tonn af ísflögum á sólarhring. Fulltrúar Héðins voru Markús Sveinsson og Charles Grindley. Fengu þeir fjöldamargir fyrirspurnir og voru beðnir að senda veðlista víða um heim, svo sem til Írlands, Spánnar, Chile, Abbesíníu, Norður-Rhodesíu og Kína.

Sú mikla athygli, sem sýning okkar hefur vakið, segir Charles Grindley, hefur sannfært okkur um, að mikill markaður er fyrir íslenzkar vörur víðs vegar um heim. Ef framleiðslumöguleikar væru fyrir hendi, gætum við selt



Brezka sjónvarpsleikkonan Shere Winton „synti“ um sýningar-sali í hafgúngervi.



Sýningargestur skoðar fiskumbúðir frá Kassagerðinni, en þær vöktu athygli fyrir gæði og smekklegan frágang.

Kunnugt er af fréttum, að íslenska deildin vakti mikla athygli og kom fram, að mikill markaður gæti verið fyrir íslenzkar vörur meðal fiskimanna víða um heim. Fjórir reykviskir aðilar sýndu á sýningunni: Gísli Halldórsson, verkfræðingur, Hampiðjan hf., Vélsmiðjan Héðinn hf. og Kassagerð Reykjavíkur hf.

Morgunblaðið hefur hitt Gísla Halldórsson, verkfræðing, að máli og spurt hann um sýninguna.

— Hverjum var þessi sýning einkum ætluð?

— Þetta var fiskveiða- og fiskiðnaðarsýning fyrir útgerðarmenn og sérfræðinga. Þeir, sem að sýningunni stóðu, ákváðu, að eingöngu boðsgestir fengju aðgang, svo að sýningin var ekki

hennar sagði: Þetta hefur gengið ótrúlega vel; við höfum engan áhuga á því, hve margir koma. Salan er það, sem skiptir máli.

— Hvað sýnduð þér helzt Gíslí?

— Það var ný uppfinning, síldarsjóðari, suðuker eða mallari. Á ensku nefnist mallarinn GH-COOKER-DIGESTER, og hef ég sótt um einkaleyfi á honum í ýmsum löndum. Mér er óhætt að segja, að mallarinn hafi vakið mikla athygli, en í sýningardeild mína kom fjöldi manns frá ýmsum löndum, svo sem Bandaríkjunum, Perú, Chile, Suður-Afríku, Spáni, Frakklandi, Danmörku, Noregi Svíþjóð og Færeyjum. Var síðasttalda heimsóknin ekki óvelkomnust. Harvey Smith, sem er stærsti síldarverksmiðjueig-



Markús Jónsson, fulltrúi Vélsmiðjunnar Héðins, sýnir gestum á Alþjóða-fiskiðnaðarsýningunni í Lundúnum líkan af togaranum Skúla Magnússyni.



Frá sýningardeild Gísla Halldórssonar, verkfræðings.

Til sölu

Volvo Station, árg. 1961.

Volvo vörubifreið, árg. 1956

með hliðarsturtum.

bílasala
GLÖMUNDAR
Bergþórugötu 3. Símar 19432, 20070

Bifreiðasýning
í dag

Bifreiðasalan
Borgartúni 1

Mallflutningsstofa
Guðlaugur Þorláksson,
Einar B. Guðmundsson,
Guðmundur Pétursson,
Aðalstræti 6, 3. hæð.

Moccasínur
nýjar gerðir.

Skóverzlun
Péturs Andréssonar

Laugavegi 17. — Framnesv. 2.